

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Við lok grunnskóla skal gefa nemendum kost á að þreyta samræmd lokapróf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.

2. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum sem þess óska frest til 1. september 2004 til að framkvæma ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 27. desember 1999 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

13. tölul. 2. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 77/1990, um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, hljóði svo:

13. Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).

2. gr.

Á eftir 8. tölul. 8. gr. komi nýr töluliður, er verði 9. tölul. og hljóði svo:

9. Byggðastofnun.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 1. gr. auglýsingar nr. 14/1994, 1. gr. auglýsingar nr. 116/1996 og 3. gr. auglýsingar nr. 73/1999, um staðfestingar reglugerða um breytingar á reglugerð þessari: